

HÚSÖNDIN

3.tbl. 4.árg.
26. janúar 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804


AFMÆLISBÖRN DAGANA 26. JANÚAR - 2. FEBRÚAR

27.1. Hólmgeir Böðvarsson, Valur Hólm Sigurðarson

29.1. Gústaf Jóhannsson, Margrét Halla Lúdvíksdóttir

Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir

31.1. Ragnheiður Jóna Leví Grétarsdóttir, Agata Teresa Wasowicz



Sigurlína Helgadóttir
Geiteyjarströnd 2

Fædd 4. september 1933
Dáin 12. janúar 2021

Útför frá Reykjahlíðarkirkju laugardaginn 30. janúar kl. 14:00

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar
er bent á Fuglasafn Sigurgeirs Stefánssonar í Neslöndum

Helgi Aðalsteinn Þorsteinsson
Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir
Karl Sigþór Þorsteinsson



ÞINGEYINGUR

Þingeyiskir nágrannar í eina sæng?

*Boðað er til rafrænna íbúafunda um sameiningu
Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps.*

Á fundunum mun samstarfsnefndin draga upp mynd af því hvernig sameinað sveitarfélag gæti litið út og leita eftir sjónarmiðum íbúa. Endanleg sameiningartillaga tekur mið af fundunum og verður kynnt með vorinu. Kosið verður um tillöguna 5. júní.

Í ljósi samkomutakmarkana fara fundirnir fram rafrænt og upptökur verða aðgengilegar að þeim loknum. Þau sem kjósa að mæta frekar á fundarstað geta sótt fundina í félagsheimilunum **Skjólbrekku** og **Breiðamýri** og í **Stórtjarnaskóla**. Þar verður hægt að fylgjast með kynningum og taka þátt í umræðum.

Fundardagskrá

Þriðjudagur 2. feb. kl. 20:00 — Nýsköpun í norðri. Atvinnulíf, umhverfi og byggðaðpróun.

Fimmtudagur 4. feb. kl. 16:30 — Fræðslu- og félagsþjónusta. Menning, íþróttir og tómstundamál.

Þriðjudagur 9. feb. kl. 20:00 — Skipulags- og umhverfismál.

Fimmtudagur 11. feb. kl. 16:30 — Stjórnskipulag og fjármál.

Leiðbeiningar við að tengjast rafrænum fundum og allar nánari upplýsingar má finna á www.thingeyingur.is. Þau sem þurfa aðstoð við að tengjast fundum eru hvött til að leita aðstoðar ættingja og vina, eða á skrifstofu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Íbúar á öllum aldri eru hvattir til þess að taka þátt og láta sig málið varða!

Samstarfsnefnd Þingeyings.

ÁGÆTU ÞINGEYINGAR.

Um leið og við óskum ykkur farsældar á nýju ári, þökkum við innilega stuðning og velvilja á liðnum árum.

Félagið hefur frá stofnun stutt vel við heilbrigðisþjónustu í Þingeyjarsýslum, við kaup á tækjum og búnaði, þökk sé stuðningi félaga og fyrirtækja í héraði.

Átak er framundan vegna kaupa ómtækis, sem þarf að endurnýja. Tækið kostar fimm og hálf milljón og treystum við á samtakamátt Þingeyinga.

MARGT SMÁTT GERIR EITT STÓRT.

Reikningur Styrktarfélags Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga er:

1110 – 26- 1060, kt. 520296- 2479

Með fyrirfram þökk.

Stjórn Styrktarfélagsins.

53. fundur sveitarstjórnar verður haldinn í Skjólbrekku,
27. janúar 2021 og hefst kl. 09:15

Dagskrá:

1. 1903013 - Deiliskipulag við Skjólbrekku
2. 2008026 - Göngu- og hjólastígur
3. 2101019 - Árbók Þingeyinga
4. 2101010 - Grænbók um byggðamál
5. 1908008 - Umsögn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps
um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð
6. 1611024 - Skýrsla sveitarstjóra
7. 1611006 - SSNE - Fundargerðir
8. 1911003 - Stýrihópur Hamingjunnar - Fundargerðir
9. 2001044 - Ungmennaráð - Fundargerðir
10. 1809012 - Atvinnumála- og framkvæmdanefnd: Fundargerðir
12. 1611022 - Skipulagsnefnd: Fundargerðir



Félagsstarf og æfingar eldri Mývetninga hefja göngu sína á ný!

Leikfimi í ÍMS á mánudögum kl 12:50-13:30
og í Skjólbrekku á fimmtudögum kl 13:15-14:00
Húsið opnar á fimmtudögum kl 13:00
Kveðja Dísu og Ásta

Leirmótun á Laugum

Þátttakendur læra helstu grunnaðferðir í mótun leirs. Við vinnum með höndunum og styðjumst við helstu aðferðir sem eru notaðar við að byggja upp viðfangsefnið, t.d. pylsutækni og plötutækni.

Á verkstæðinu eru líka til gísmót sem hægt er að byggja upp skálar af ýmsum stærðum. Farið er í gegnum eðli leirsins og hvernig ferlið er frá mótun til brennslu og glerjunar. Námskeiðið er einstaklingsmiðað þannig að þátttakendur byrja þar sem þeir eru staddir og eru hvattir til að koma með hugmyndir að verkefnum sem við í sameiningu finnum farveg fyrir.

Unnið er með steinleir, hann glerjaður eða notaðir sérstakir leirlitir sem henta vel til skreytingar.

Námskeiðsdagar: Lau 6/2, 20/2, 6/3 og 20/3 kl. 9-13.

Allt efni innifalið, 5 kg steinleir, leirlitir, glerungar og brennsla.

Skráning og nánari upplýsingar hjá kennara; anitakg@gmail.com eða í s: 698-5161.
Einnig er hægt að skrá sig á www.hac.is

Verð 38.000.-

Athugið með endurgreiðslu hjá ykkar stéttarfélagi, núna stendur yfir fræðsluáttak hjá mörgum Fræðslusjóðum vegna covid, þar sem hægt er að fá allt að 90% endurgreiðslu.



Þekkingarnet
Þ i n g e y i n g a